



Kaupfélag Borgfirðinga

1904-2024



Ágrip af sögu Kaupfélags Borgfirðinga

Stofnfundur Kaupfélags Borgfirðinga (K.B.) var haldinn í Deildartungu þann 4. janúar árið 1904. Boðað var til fundarins og hann undirbúinn af Framfarafélagi Borgfirðinga sem stofnað hafði verið ári fyrr. Fyrstu árin var K.B. rekið sem pöntunarfélag sem pantaði vörur eftir fyrirfram gerðum pöntunum félagsmanna en átti hvorki húsaskjól né hafði aðgang að bryggju.

Árið 1910 stofnaði K.B. söludeild og byggði yfir það hús tveimur árum síðar. Húsið var kallað Salka og stendur nú við Skúlagötu 7 í Borgarnesi. Árið 1916 flutti K.B. í húsið Sjávarborg í Englendingavík og var verslun félagsins staðsett þar allt til ársins 1960 þegar félagið flutti í nýtt stórhýsi við Egilsgötu 11. Einnig rak KB útibú við Borgarbraut í nokkur ár og Essó stöðina frá 1964-1991. Þegar Borgarfjarðarbrú kom til sögunnar var ljóst að þungamiðja verslunar færðist að brúnni og því byggði K.B. Hyrnuna árið 1991 og árið 2000 Hyrnutorgið. Endanlega flutti K.B. úr gamla bænum í Borgarnesi árið 2003 þega K.B. byggði nýtt hús yfir byggingavörudeildina að Egilsholti 2. Fljótlega eftir það var byggt yfir nýja Búrekstrardeild og skrifstofur K.B. að Egilsholti 1, og er öll starfsemi K.B. staðsett þar í dag.


Framan af var félagið eingöngu í verslunarstarfsemi en árið 1931 tók félagið við rekstri sláturhúss í Borgarnesi og tók sama ár við rekstri á Mjólurfélaginu Mjöll sem varð að Mjólkursamlagi Borgfirðinga. K.B. stækkaði sláturhúsið og bætti við kjötfrysti fyrst 1938 og svo aftur 1966 þegar allt sláturhúsið var endurbyggt og stækkað. Þótti það á þeim tíma tæknilegasta og afkastamesta húsið á landinu. Mjólkursamlagið var fyrst stækkað á gamla staðnum og síðar var nýtt samlag byggt að Engjaási árið 1978. Flutningastarfsemi var á vegum félagsins frá árinu 1943 og var gerður út floti flutningabíla og mjólkurbíla sem sáu um flutninga félagsins og annarra á svæðinu. K.B. var um tíma sérleyfishafi til fólksflutninga á milli Reykjavíkur og Borgarness ásamt því að sjá um póstsamgöngur á svæðinu.




K.B. átti skammvinnan þátt í útgerðarævintýri árið 1919. Félagið keypti, ásamt SÍS og Timburversluninni Völundi, mótorskonortu frá Danmörku. Fór hún nokkrar ferðir til Danmerkur áður en hana rak á land og var rifin. Tapaði K.B. allri fjárfestingu sinni í fleyinu.

K.B. hefur einnig tekið þátt í verslunarrekstri utan Borgarness, þar má nefna verslanir við Kljáfossbrú, Vegamót, á Hellissandi, Ólafsvík, tvö útibú á Akranesi, Munaðarnesi og Bifröst. K.B. hefur einnig rekið tvær kjötverslanir í Reykjavík, Kjötbúð E. Milners á Laugavegi og Kjötbúðina Herðubreið. Að auki má nefna að K.B. hefur rekið saumastofu, brauðgerð (sem varð að Geirabakaríi 1997) og var meðeigandi í Bifreiða- og trésmíðaverkstæði Borgarness, sem var selt Vírneti 1991.

Upp úr 1990 fór rekstur félagsins að þyngjast og í framhaldinu urðu miklar breytingar á rekstri þess. Sláturhúsi og kjötvinnslu var breytt í sjálfstætt hlutafélag árið 1993 og MSB hætti starfsemi í upphafi árs 1995. Ári síðar tók KB Borgarnesi ehf. við öllum daglegum rekstri K.B. sem síðar varð eignarhaldsfélag og á miðju ári 2004 var síðan gengið til samstarfs við Kaupfélag Suðurnesja með því markmiði að sameina rekstur KB Borgarnesi ehf. og Samkaupa hf.

Frá árinu 2004 hefur rekstur félagsins því verið þríþættur; rekstur búrekstrardeildar með rekstrarvörur fyrir bændur og ýmsan varning fyrir alla íbúa og gesti svæðisins, eignarhald á hlut í Samkaupum hf. og útleiga á fasteignum, bæði beint og óbeint með dótturfélaginu Borgarlandi ehf.





Samvinnufélag fyrir alla

Kaupfélag Borgfirðinga svf. er samvinnufélag sem rekur verslun eftir hugmyndafræði samvinnustefnunnar. Markmið félagsins er að stuðla að atvinnuuppbyggingu og atvinnuþróun á Vesturlandi ásamt því að sinna þjónustu við íbúa, dýraeigendur, bændur, sumarbústaðaeigendur og ferðalanga svæðisins. Vöruúrval búrekstrardeildar K.B. er gríðarmikið og hefur deildin haft það slagorð að hjá okkur fæst allt sem þú vissir ekki að þig vantaði. Sjón er sögu ríkari.

Í tilefni 120 ára afmælis K.B. buðum við upp á kaffi og köku á sjálfan afmælisdaginn þann 4. Janúar síðastliðinn. Á afmælisárinu munu tveir fyrrverandi starfsmenn mæta til okkar í hverjum mánuði og vera gestastarfsmenn hluta út degi. Einnig verða hjá okkur vegleg afmælistilboð, vikulega allt afmælisárið. Eins og venja er munum við halda sumarhátíð okkar í ágúst og verður hún að þessu sinni með veglegu afmælisívaði. Það er því vert að fylgjast með okkur á samfélagsmiðlum okkar.

Allir geta gengið í félagið en aðeins þeir sem eru búsettir á félagssvæði Kaupfélags Borgfirðinga hafa rétt á aðalfundarfulltrúa á aðalfund. Þeir sem ekki búa á félagssvæðinu eru aukafélagar utan deilda og hafa ekki atkvæðisrétt en njóta kjara félagsmanna.

Félagssvæði kaupfélagsins er Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstaður, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Sveitafélagið Stykkishólmur og Dalabyggð- og Reykhólahreppur. Félagsfólk nýtur margvíslegra afláttarkjara í verslun kaupfélagsins að Egilsholti 1 í Borgarnesi sem og í verslunum Samkaupa um land allt.

Deildir Kaupfélags Borgfirðinga eru 15 talsins og félagsmenn tæplega 2000. Félagið er rekið í anda samvinnustefnunnar og á grundvelli sjálfshjálpar, sjálfsábyrgðar, lýðræðis, jöfnuðar, jafnréttis, sjálfbærni og samvinnu. Aðalfundur er haldinn á hverju vori þar sem 64 fulltrúar eru kjörnir til fundarsetu. Á aðalfundi hafa allir félagar málfrelsi og tillögurétt en einungis kjörnir fulltrúar hafa atkvæðisrétt. Aðalfundur er opinn öllum félögum.

Félagið leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, leggur áherslu á að kaupa inn vistvæn aðföng og leggur sig fram við að stuðla að sem bestri nýtingu þeirra. Kaupfélag Borgfirðinga tekur jafnframt virkan þátt í verkefnum er stuðla að framförum og uppbyggingu atvinnulífs og samfélagsins á félagssvæðinu.

Heatwave fóstra

Kaupfélag Borgfirðinga býður upp á hina einstöku kálfa- og lambafóstru frá Heatwave. Við bjóðum einnig upp á mikið úrval auka- og varahluta fyrir fóstruna. Hún er afar einföld í notkun og viðhald hennar er á hvers manns færi og þar að auki er fóstran einkar þægileg í þrifum. Fóstran notar hitaskiptatækni til að hita mjólkina um leið og hún er drukkin.

Mjólkinn hitnar þegar hún ferðast eftir spíral sem liggur í heitu vatnsbaði. Fóstran hentar vel til að fóðra lömb, kálfa og kið. Hún annar allt að 30 kálfum eða 50 lömbum/kiðum. Fóstran hentar vel fyrir bæði þurrmjólk og mjólk á fljótandi formi. Fóstran er jafnframt mjög þrífalegur kostur, þar sem mjólkinn geymist köld og hægt er að staðsetja fóstruna utan bássins. Frjáls aðgangur að mjólk líkir eftir náttúrulegri fóðrun dýrsins og þau dafna betur og stækka hraðar að jafnaði.



**SPECIALIST IN
YOUNG ANIMAL
NUTRITION**

WWW.DENKAVIT.COM




DENKAVIT
GROWING TOGETHER

”Hvanneyrabúið hefur átt sömu Heatwave fóstruna frá 2016. Kálfarnir hafa frjálst aðgengi að sýrðri mjólk eða mjólkurdufti og hentar fóstran mjög vel til að hita mjólkina. Viðhald og þrif eru mjög einföld og skilvirk, allir helstu íhlutir fást hjá K.B. Kálfarnir þrífast mjög vel og eru streitulausir enda geta þeir treyst því að fá mjólk hvenær sem er sólarhringsins. Þeir drekka því oft og minna í einu. Það er mjög gestkvæmt í Hvanneyrarfjósi og iðulega er það fyrsta sem þeir minnst á hvað kálfarnir séu vel haldnir og fallegir.”

Egill Gunnarson, bústjóri Hvanneyrabúsins





Allt fyrir sauðfé

Hjá Kaupfélagi Borgfirðinga færðu allt til þess að stunda heilnæman sauðfjárbúskap. Í verslun okkar finnurðu hundruð vara sem tryggja að búreksturinn verði farsæll, allt frá sauðburði til slátrunar. Meðal þess sem er fáanlegt hjá Kaupfélagi Borgfirðinga eru margvísleg bætiefni, rekstrarvörur fyrir fjárhús, fjölbreytt fóður, lagnaefni, allt fyrir sauðburðinn og fengitímann ásamt öllu því sem nauðsynlegt er fyrir aðhlynningu sauðfjár og fleira og fleira.



Udderly EZ-
Handmjaltartæki



Chevivit Selen-Fyrir lömb
og ær, gefið um munn



Capri Ovi-
Lambamjólkurduft



Inngjafabyssa-Hentar vel
fyrir AB mjólk



Bólusetningabyssa-
Hægt að bæta við
krítarfestingu




Fjárgrindur og
flokkunargangar

DRAPER
Tools

**Quality tools and great
customer service that
you can rely on**

ESTABLISHED 1919



DRAPERTOOLS.COM



Heimaslátrun er okkar fag

Sláturtíðin hefst hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Við aðstoðum þig við að velja réttu vörurnar sem sjá til þess að velferð, hreinlæti og heilnæmi sé í hávegum haft við slátrunina. Ef þú finnur ekki það sem þig vantar í viðamiklu vöruúrvali Kaupfélags Borgfirðinga þá hjálpum við þér að útvega það.



Everything for animal husbandry

Electric fences | Animal Husbandry
Stable Equipment | Equestrian
Clothing | Hunting




Fritz Göbel GmbH & Co. KG | Am Friedrichsplatz 4 | 34508 Willingen (Upland) | Germany | www.fritzgoebel.de



Boltabyssur og skot



Hnífar í úrvali




Öryggishanskar



Kjötnet og vakúmplast



Bjúgnaplast í ýmsum stærðum



Kjötkrókar og sláturnælur

MX FUEL

VERKFERA
SALAN

vfs.is

SKANNAÐU OG SJÁÐU MYNDBANDIÐ

KAUFÉLAGI BORGFIRÐINGA
120 ÁRA
1900-2020

Bovisal bætiefnin

-fást í Kaupfélagi Borgfirðinga

Keto

Phosphor

Rumen

Pearls

Mest selt!


Machinery Guide fyrir nákvæma bændur







GPS staðsetningarforrit
fyrir spjaldtölvur
og snjallsíma á afar
hagstæðu verði

Helstu eiginleikar

- Beinar og sveigðar dreifingarlínur
- Sjónræn svæðastýring
- Skörunaraðvörun
- Skýr myndvinnsla, bæði í 2D og 3D
- Notendavænt
- Staðsetningarleiðrétting í boði



- Innbyggð eða utanáliggjandi Bluetooth GPS tenging
- skráning getur farið fram bæði heima og úti á túni
- KML og PDF úrvinnsla í boði





Bætiefni fyrir allan búrekstur

Ef ætlunin er að tryggja heilbriggt búfé er nauðsynlegt að huga að heilnæmri fæðu. Hjá Kaupfélagi Borgfirðinga finnur þú úrval hvers kyns bætiefna sem stuðla að heilbrigðum efnaskiptum og vexti húsdýra, auk þess að koma í veg fyrir hvers kyns sjúkdóma og kvilla. Hvort sem um er að ræða nautgripi, hesta, kindur, alifugla eða svín þá erum við með bætiefnið fyrir þig.



undirburður

www.ilmureco.is | ilmur@tandrabretti.is



Kaupfélag Borgfirðinga

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
Sími: 430-5500
Netföng: verslun@kb.is
kb@kb.is
Heimasíða: www.kb.is

Opnunartími verslunar

Virkir dagar 8-18
Laugardagar 10-14

Þú finnur okkur einnig á Facebook og Instagram

